

**Fundargerð Samráðsnefndar vegna stofnanasamnings Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (SLF) við Félag sjúkrahjálfa (FS) og Iðjubjálfafélags Íslands (ÍÞÍ)**

Tími og staðsetning: 8. Apríl 2024 kl. 9:30-10:30 á Háaleitisbraut 13

Mætt: Gunnlaugur Briem formaður FS, Þóra Leósdóttir formaður ÍÞÍ, Hörður Sigurðsson formaður SLF og Bergljót Borg framkvæmdastjóri SLF.

Fundarritari: Bergljót Borg

**1. Stofnanasamningur milli FS, ÍÞÍ og SLF**

Síðustu breytingatilögur ræddar og samþykktar. Hreinritaðað skjal verður sent FS og ÍÞÍ til lokayfirlestrar og stefnt að undirritun samningsins að viku liðinni, þann 15. apríl n.k.

**2. Greiðslutilhögun vegna afturvirkni í nýjum stofnanasamningi**

Vegna þess hve samningaferlið hefur átt sér langan aðdraganda, hafa aðilar komið sér saman um að um að gildistaka stofnansamnings skuli vera 1. október 2023. SLF ber því að greiða laun samkvæmt ákvæðum samningsins frá þeim tíma. Útreikningar á afturvirkum launaleiðréttingum munu taka tíma og auk þess hefur SLF ekki bolmagn til að greiða upphæðina út í einni greiðslu. Það er því ákvörðun fundarins að greiðslutilhögun verði með eftirfarandi hætti:

*Leiðrétting launa verður greidd í tveimur hlutum. Launaleiðrétting fyrir árið 2023 (október-desember) verður greidd eigi síðar en 1. júní 2024 og leiðrétting fyrir árið 2024 (janúar-mars) verður greidd eigi síðar en 1. september 2024.*

Þóra Leósdóttir  
formaður ÍÞÍ

Gunnlaugur Briem FS

Hörður Sigurðsson SLF

Bergljót Borg SLF